

Sþ. 610. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um stofnun sjóðs til stuðnings íslensks ullar- og skinnaiðnaðar.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að útbúa frumvarp til laga um stofnun sjóðs til eflingar framleiðslu og útflutnings fullunninnar vöru úr íslenskri ull og gærum.

Framlögum úr sjóðnum skal varið m. a. til styrktar framleiðendum fullunninnar ullar- og skinnavöru hér innanlands, skipulegri markaðsöflun erlendis og sölu og dreifingu vörunnar.

Sjóðnum skal aflað tekna með sérstöku útflutningsgjaldi sem lagt verði á óunna ull og gærum, lopa og band sem flutt er út.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að stuðla að því, að gerðar verði markvissar ráðstafanir til þess að tryggja að fullvinnsla ullar og gæra fari eingöngu fram hér innanlands svo unnt verði með öllu að hætta útflutningi á óunninni og hálfunninni vöru.

Vart þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að mál þetta verði tekið föstum tökum án tafar. Það er ljóst að útflutningur óunninnar ullar, lopa og bands til annarra landa, þar sem fullvinnsla þess fer fram, er þegar farin að ógna atvinnu þeirra sem vinna við ullariðnað hér innanlands og ógna markaðshorfum fyrir fullunna íslenska vöru. Þrjónastofur og saumastofur, sem hafa risið víðs vegar um land á undanfórnum árum og veitt mörgum atvinnu, berjast nú í bökkum, en samtímis er flutt út óunnin ull, lopi og band, m. a. til landa þar sem vinnuafli er ódýrt og því vandinn hægur fyrir erlenda framleiðendur að ná undirtökum í samkeppni um markaði. Erlendir framleiðendur, sumir hverjir, stæla bæði meðferð ullarinnar og munstur og selja sem íslenskt væri.

Hér er því ekki einungis um að ræða atvinnu- og viðskiptahagsmuni. Íslensk ull hefur fágæta eiginleika, sem gengnar kynslóðir kunnu að meta. Í meðferð efnis og sérstæðum munstrum sameinuðu þær notagildi og list. Þær mótuðu hefð sem okkur ber skylda til að varðveita.

Ekki má lengur dragast að stjórnvöld komi þeim aðilum til aðstoðar sem fullvinna ull og gærum hér heima, en hliðstæð vandamál þeim, sem hér hafa verið rakin um ullina, hafa hvað eftir annað komið upp varðandi útflutning á hálfunnum gærum.

Flm. leggur til að sérstakt gjald verði lagt á óunna eða hálfunna vöru úr ull og gærum, sem flutt er út, og lagt í sérstakan sjóð til uppbyggingar þessa atvinnuvegar og markaðsöflunar. Þessar aðgerðir eru í eðli sínu hliðstæðar þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til varðandi útflutning á lagmeti.

Nánar í framsögu.